



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. október 2023

Efni: Umsögn Samhjálp, um frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (afnám þjónustusviptingar) 154. Lögjafarþing 2023-2024. Þingskjal 113 – 113 mál.

Samhjálp hefur borist til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga númer 80/2016 um afnám þjónustusviptingar.

Vísað er til yfirlýsingar sem Samhjálp skrifaði undir ásamt fjölda félagasamtaka dags. 18. ágúst 2023, þar sem bent var á að breytingar þær sem gerðar voru á núgildandi lögum hafa haft alvarlegar afleiðingar fyrir fólk á flótta sem vísað hefur verið úr allri þjónustu opinberra aðila eftir neikvæða niðurstöðu umsóknar um vernd á báðum stjórnarsýslustigum.

Samhjálp fagnar breytingatillögunum við áttundu málsgrein 33. greinar laganna ásamt þeirri tillögu að fella brott níundu málsgrein sömu greinar. Auk þess er því fagnað að lagabreytingin öðlist þegar gildi við samþykkt hennar.

Samhjálp tekur efnislega undir það sem fram kemur í greinargerð meðfylgjandi frumvarpi þessu til breytinga á lögum um útlendinga, enda skal eðli laga vera slíkt að það stríði ekki gegn réttlætiskennd almennings. Það skal vera sómi Íslands að við byggjum lög okkar á mannréttindum, enda er sérhver einstaklingur borinn frjáls og jafn öðrum að virðingu og réttindum, eins og fram kemur í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Virðingarfullt, fyrir hönd Samhjálp,ar,

Edda Jónsdóttir framkvæmdastjóri, M.A. í mannréttindafræðum og ábyrgri stjórnun